



**Varðandi:** Ærslabelgur

**Málsnúmer:** 1803074

**Dagsetning:** 26.03.2018

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að veita fjármagn samtals kr. 2.500.000 til kaupa og niðursetningar á ærslabelg á Akranesi.

---

**GREINARGERÐ:** Óskað er eftir fjárheimild hjá bæjarráði til kaupa á ærslabelg. Lagt er til að börn og unglingar á Akranesi fái að kjósa um staðsetningu hans en verið er að horfa til t.d. Garðalunds, Langasands og tjaldsvæðisins. Sambærilegri belgir hafa verið settir upp víðsvegar um landið, m.a. í fjölskyldu- og húsdýragarðinum, Stokkseyri, Dalvík, Keflavík og svo lengi mætti telja. Belgirnir koma frá Danmörku og hafa reynst vel á þeim stöðum sem þeir hafa verið settir upp. Þetta tiltekna leiktæki er vottað og er með TUV vottun.

Tillagan gerir ráð fyrir kaupum á belg sem er 101 m<sup>2</sup> að stærð og kostar kr. 2.170.000 m/vsk. Kostnaður við uppsetningu bætist aukalega við. Uppsetning tekur u.þ.b. 2-3 daga og í henni felst að dúkurinn er lagður niður og hælur settir niður í hornum. Svo er strengt á milli og kantskorið fyrir skurðinum. Dúkurinn er svo festur með sérstökum ankerum og efninu sem kemur upp er ýtt ofaní skurðinn aftur. 40 metrar af 50 cm breiðu torfi er síðan lagt í sárið, sem verkkaupi skaffar. Þetta er ekki mikið rask. Í einu horni er svo loftbarka komið fyrir undir dúknum en loftdælan er höfð í kassa ca. 5 metrum frá sem hægt er að læsa. Það tekur aðeins nokkrar mínútur að blása belginn upp. Gerum jafnframt á fyrir að setja upp lítið skilti um ábyrgð og öryggi.

Með vísan til framanritaðs gera undirrituð ofangreinda tillögu.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri

Sindri Birgisson umhverfisstjóri